

Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2016

1. Viðauki vegna flutnings fjárheimilda ferlinefndar fatlaðs fólks

Lagt er til að gengið verði frá flutningi á fjárheimildum vegna ferlinefndar fatlaðs fólks 2.500 þkr. frá Umhverfis- og skipulagssviði (USK-ES) til Mannréttindaskrifstofu (MAR).

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
USK	1401	Umhverfis- og skipulagssvið (USK-ES)	Frá	-2.500
MAR	1271	Mannréttindaskrifstofa	Til	2.500
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 22. maí 2014 var samþykkt að flytja ferlinefnd fatlaðra frá Umhverfis- og skipulagssviði (USK-ES) til Mannréttindaskrifstofu (MAR) ásamt fjárheimild. Lagt er til að gengið verði frá flutningnum á fjárheimildum í samræmi við viðkomandi samþykkt og samþykkt borgarstjórnar fyrir ferlinefnd fatlaðs fólks frá 2. september 2014.

2. Viðauki vegna framlags til ÍTR vegna lækkunar aldursmarka gjaldfrelsis í sund í sundlaugar Reykjavíkurborgar

Lagt er til að fjárheimildir til ÍTR verði hækkaðar um 8.750 þkr. vegna kostnaðaráhrifa lækkunar aldursmarka gjaldfrelsis í sund í sundlaugar Reykjavíkurborgar. Breytingin verður fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205, og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2016.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-8.750
ÍTR	18469	ÍTR (sundlaugar)	Til	8.750
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs 26.05.2016, liður 27, var samþykkt meðfylgjandi tillaga borgarstjóra, dags. 24. maí 216:

Lagt er til að borgarráð samþykki að lækka aldersmörk vegna gjaldfrelsis í sund í sundlaugum Reykjavíkurborgar úr 70 árum í 67 ára í samræmi við tillögur starfshóps um heilsueflingu aldraða. ÍTR verði falin framkvæmdin í samvinnu við velferðarsvið. Kostnaður vegna breytingarinnar er áætlaður 15 milljónir á ársgrundvelli. Áætlað er að breytingin feli í sér kostnað sem nemur 8,75 milljónum króna á árinu sem verði fjármagnað af kostnaðarstaðnum ófyrirséð 09205 yfir á i8469.

Greinargerð fylgir tillögunni. R15090111

3. Viðauki vegna framlags til ÍTR vegna 17. júní hátíðarhalda

Lagt er til að fjárheimildir til ÍTR verði hækkaðar um 2.500 þkr. vegna 17. júní hátíðarhalda í Reykjavík. Breytingin verður fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205, og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2016.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-2.500
ÍTR	I8000	ÍTR (17. júní)	Til	2.500
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða sjóðsstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs 02.06.2016, liður 17, var samþykkt meðfylgjandi tillaga borgarstjóra, dags. 31. maí 216:

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita íþrótt- og tólmstundasviði 2,5 milljón króna viðbótarframlag til dagskrár 17. júní næstkomandi svo að unnt sé að halda úti dagskrá sem uppfyllir þann metnað sem hátíðarhöldin kalla á. Viðbótarframlagið verði fjármagnað af kostnaðarstaðnum 09205, ófyrirséð, og færð á kostnaðarstaðinn I8000.

Jafnframt lagt fram bréf íþrótt- og tólmstundasvið, dags. 26. maí 2016, sbr. samþykkt íþrótt- og tólmstundaráðs s.d. varðandi hátíðarhöldin. R16050209.

4. Framkvæmd

Lagt er til að fjármálastjóra verði falið að útfæra breytingarnar í tillögum 1-3 nánar á þjónustuþætti og kostnaðarstaði.

S. Björn Blöndal

e.u.

